

LÝÐRÆÐISSTEFNA GARÐABÆJAR - VIÐAUKI

Leiðir til að hafa áhrif

Ýmsar leiðir eru til staðar hjá Garðabæ til að eiga samtal og samráð við íbúa, félagasamtök, fyrirtæki og fleiri aðila.

Hér eru upptaldar helstu leiðir en þær eru jafnframt birtar á vef Garðabæjar, gardabaer.is

Almennar leiðir

Innsendar ábendingar/erindi

- Tölvupóstur sendur á aðalnetfang Garðabæjar gardabaer@gardabaer.is. Málið fer í vinnslu hjá stjórnsýslunni og er komið til réttara aðila.
- Ábendingaform á vef Garðabæjar fyrir almennar fyrirspurnir. Mál fara í sama farveg og þau sem koma í tölvupósti.
- Erindi til bæjarráðs Garðabæjar í gegnum bréfpóst eða tölvupóst. Bæjarráð Garðabæjar fundar vikulega.
- Erindi send beint á fastanefndir bæjarins í bréfpósti eða tölvupósti.

Ábendingavefur vegna umhverfis

- Innsendar ábendingar varðandi umhverfi í gegnum sérstakan ábendingavef sem er aðgengilegur á vef Garðabæjar. Ábendingar um garðyrkju og opin svæði, götur og stíga, hálfuvarnir og snjóhreinsun. Sorphirðu og rusl í umhverfi. Vatn og lýsingu o.fl.

Ábendingaform barnaverndar

- Sérstakt ábendingaform er á vef Garðabæjar þar sem börn geta sent inn upplýsingar og látið vita ef þau hafa áhyggjur. Þar er einnig ábendingaform fyrir þá sem vilja tilkynna um aðstæður barns.

Þjónustugátt Garðabæjar

- Í gegnum rafræna þjónustugátt Garðabæjar er hægt að senda inn umsóknir og vera í rafrænum samskiptum við starfsmenn í tengslum við umsóknirnar.

Viðtalstímar

- Hægt er að panta viðtalstíma við bæjarstjóra og/eða einstaka starfsmenn. Í boði er að funda símleiðis, á staðnum og með fjarfundaforritum.

Íbúafundir

- Íbúar og hagsmunaaðilar geta mætt á auglýsta íbúafundi og tekið þátt í umræðum og/eða varpað fram spurningum eins og dagskrá fundar og fundarform (staðbundinn og/eða rafrænn) leyfir.

Kannanir

- Íbúar, viðskiptavinir og starfsmenn geta tekið þátt í könnunum um starfsemi og þjónustu Garðabæjar.

Samfélagsmiðlar

- Hægt er að senda inn ábendingar og fyrirspurnir með skilaboðum í gegnum fésbókarsíðu Garðabæjar og fésbókarsíður og öðrum samfélagsmiðlum einstakra stofnana.
- Hægt að deila færslum og „líka við“ og/eða setja inn athugasemdir við færslu á fésbókarsíðu Garðabæjar.

Betri Garðabær

- Lýðræðisverkefnið Betri Garðabær gefur íbúum kost á að koma með hugmyndir af smærri framkvæmdum sem þeir vilja sjá í bænum. Síðar í ferlinu kjósa íbúar svo þau verkefni sem þeir vilja áfram. Betri Garðabær er sett á laggirnar á tveggja ára fresti.

Samráðsgátt

- Íbúum Garðabæjar gefst kostur á að senda inn ábendingar og tillögur vegna fjárhagsáætlunargerðar í gegnum sérstaka samráðsgátt sem er aðgengileg frá vef bæjarins (í gegnum Betra Ísland). Allar ábendingar sem berast eru teknar til skoðunar á milli umræðna í bæjarstjórn.

Skipulagsmál

- Íbúar Garðabæjar og aðrir sem hagsmuna eiga að gæta geta fylgst með skipulagsvinnu í sveitarfélaginu og gert athugasemdir á skipulagsferlinu telji þeir ástæðu til. Tillögur að skipulagsáætlunum eða breytingar á þeim eru til sýnis í þjónustuveri Garðabæjar og á vef Garðabæjar á meðan kynningarferlið stendur yfir. Einnig er hægt að fá frekari útskýringar hjá starfsmönnum þjónustuvers eða hjá embætti skipulagsstjóra sé þess óskað.

Þjónustuver Garðabæjar

- Er opið mánudaga – fimmtudaga frá 08:00-16:00, föstudaga frá 08:00-14:00. Í þjónustuverinu eru veittar upplýsingar um starfsemi og þjónustu Garðabæjar. Hægt er að hafa samband í síma, netspjalli, með t-pósti og á staðnum.

Aðrar samráðsleiðir

Í samráðsnefndum Garðabæjar fer fram samráð við ýmsa hagaðila.

Ungmennaráð

- Ungmennaráð Garðabæjar er skipað 11 fulltrúum á aldrinum 13-20 ára. Hlutverk ungmennaráðs er meðal annars ætlað að skapa vettvang og leiðir til þess að gera ungmennum kleift að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Hlutverk ungmennaráðsins felst einnig í því að vera bæjaryfirvöldum til ráðgjafar varðandi aðstöðusköpun og afþreyingarmöguleika ungs fólks. Fulltrúum í ungmennaráði Garðabæjar er veitt fræðsla og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og vettvang til að þjálfa sig í slíkum vinnubrögðum.

Öldungaráð

- Öldungarráð er skipað samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 sem og 8. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Öldungaráð skal starfa sem formlegur samráðsvettvangur, þar sem fjallað er um þjónustu við eldri borgara og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráði ber að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð eldri borgara í Garðabæ og gera tillögur til sveitarstjórnar um þjónustu þeim til handa.

Notendaráð um málefni fatlaðs fólks í Garðabæ

- Hlutverk notendaráðs er að gera fötluðu fólki kleift að hafa áhrif á skipulag og framkvæmd þjónustu sveitarfélaganna. Notendaráð á að koma rödd fatlaðra íbúa á framfæri og stuðla að jafnrétti þeirra á við aðra, fylgjast með stefnumótun og þróun hugmyndafræði er varða réttindi fatlaðs fólks og vera leiðandi í frampróun málefna þess. Notendaráðið getur einnig tekið upp mál að eigin frumkvæði og rætt ábendingar og tillögur sem koma frá notendum þjónustunnar, þó ekki er varða einstaklingsmál. Fatlaðir einstaklingar sem vilja starfa í notendaráði geta haft samband við fjölskyldusvið Garðabæjar.

Skólastarf:

Skólaráð

- Í grunnskólum Garðabæjar eru skólaráð skv. lögum um grunnskóla. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Sæti í skólaráði eiga skólastjóri, fulltrúar kennara og annars starfsfólks, auk fulltrúa nemenda, foreldra og grenndarsamfélagsins.

Grunnstöð (áður Svæðisráð foreldrafélaga í grunnskólum Garðabæjar)

- Ræðir sameiginleg málefni skólanna. Tilgangur Grunnstöðar er að efla rödd foreldra sem hagsmunahóps og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamálum. Samstarfið auðveldar foreldrafulltrúum að vera bæjaryfirvöldum til aðstoðar og ráðuneytis um skóla- og fjölskyldumál. Grunnstöð er í samstarfi við Heimili og skóla – landssamtök foreldra.

Svæðisráð foreldrafélaga leikskóla

- Svæðisráðið er samstarfsvettangur og málsvari foreldra leikskólabarna í bænum. Hlutverk þess er að vinna að sameiginlegum málum sem varða leikskólana, m.a. að gæta hagsmuna foreldrafélaga og foreldraráða gagnvart bæjaryfirvöldum og vera þeim til ráðuneytis og aðstoðar um leikskóla- og fjölskyldumál.

Hagsmunaðilar, félagasamtök og fyrirtæki

- Fulltrúar félagasamtaka Garðabæjar hafa samráð við bæinn með ýmsum leiðum, s.s. föstum samráðsfundum m.a. í tengslum við framkvæmd og eftirfylgni samstarfssamninga.
- Fulltrúar fyrirtækja eiga greiða leið að bóka viðtal við stjórnsýsluna til að fara yfir málefni er varða t.d. uppbyggingu á atvinnustarfsemi, skipulagsmál o.fl.